

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Austurey 3, landnr. 167623.*

Breyting á gildandi deiliskipulagi felur í sér skilmálabreytingu heildarsvæðisins varðandi nýtingarhlutfall sem breytist í 0,03. Heimilt er að reisa eitt frístundahús og eitt smáhýsi/aukahús. Lóðin Eyrargata 9 er jafnframt stækkuð úr 5.444 m<sup>2</sup> í 7.179 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 22. ágúst 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. september 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2019